



Nefndasvið Alþingis  
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Reykjavík, 27. apríl 2021

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, 712. mál**

**Almennt**

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „**samtökin**“) vísa til tölvupósts frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 15. apríl sl., þar sem óskað er umsagnar samtakanna um frumvarp til laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, 712. mál.

Fram kemur í umfjöllun í greinargerð með frumvarpinu að það feli í sér tillögu að nýjum heildarlögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana auk tiltekinna breytinga á öðrum lögum, þ.e. skipulagslögum, nr. 123/2010, lögum nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála og lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013. Þá má ráða af umfjöllum í athugasemdum að markmið boðaðra breytinga sé að einfalda ferli við mat á umhverfisáhrifum og efla almennt þátttökuréttindi almennings.

SI hafa kynnt sér boðaðar breytingar ásamt því að hafa skilað inn umsögnum um áform og drög að fyrirliggjandi frumvarpi þegar þau mál voru til umsagnar á samráðsgátt Stjórnarráðsins, sbr. umsagnir dags. 23. febrúar sl., 25. nóvember 2020 og 2. október 2018 vegna mála nr. 107/2018, 243/2020 og 30/2021. Hvað varðar það markmið að einfalda ferli umhverfismats þá styðja SI breytingar til einföldunar og aukinnar skilvirkni. Hefur sú skoðun SI endurspeglast m.a. í tilvísuðum umsögnum um sambærileg mál sem hafa slíka einföldun að markmiði. Telja SI að samræming á öllu fyrirkomulagi hvað varðar framkvæmd og ferli umhverfismats framkvæmda og áætlana sé til þess fallin að einfalda og stytta málsmeðferðartíma framkvæmda í heild sinni. Hefur það jafnt áhrif á það ferli sem umræddir lagabálfar umhverfismats taka til sem og slíkt mun einnig, ef rétt er staðið að málum, hafa áhrif á ferli framkvæmda að teknu tilliti til þess að slíkar framkvæmdir eru að auki háðar öðrum leyfum eða samþykktum stjórnvalda á síðari stigum. Því munu allar breytingar í þeirri keðju stjórnsýslumála til einföldunar eða aukinnar skilvirkni stuðla að styttri málsmeðferðartíma í heild sinni.

**Ítrekun á fyrri ábendingum SI**

Að gefnu tilefni vilja SI vekja athygli umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis á skýrslu um málsmeðferð við leyfisveitingar og mat á umhverfisáhrifum sem VSÓ ráðgjöf vann á vegum Samorku, SA, SI og FRV. Í umræddri skýrslu var framkvæmd greining á umræddri málsmeðferð og samhliða lagðar fram tillögur um einföldun ferla. Þess ber að geta að kynning á skýrslunni og niðurstöðum hennar fór fram á félagsfundi Félags ráðgjafaverkfræðinga hinn 21. október 2020 og má sjá þá kynningu inni á eftirfarandi vefslóð: <https://www.si.is/frettasafn/radgjafarverkfraedingar-raeda-mat-a-umhverfisahrifum>.

Í stuttu máli leiddi greiningin í ljós að í ferlinu sé töluverður tvíverknaður, boðleiðir óþjálur og ferli óþarflega flókin. Þá kemur þar fram að samanburður við löggjöf nágrannaþjóða staðfesti þá greiningu. Víða eru tækifæri til að einfalda ferla og straumlínulaga til að bæta yfirsýn, draga saman verkþætti og stytta málsmeðferðartíma án þess þó að skerða



Þáttökurétt almennings og hagsmunaaðila eða vera í andstöðu við tilgang viðkomandi laga. Að teknu tilliti til þeirrar greiningar eru í skýrslunni lagðar tillögur til úrbóta og einföldunar á málsmeðferð og leyfisferli framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum.

Eins og fram kemur í 5. kafla greinargerðar með frumvarpinu vöktu SI athygli umhverfis- og auðlindaráðuneytis á niðurstöðum framangreindrar skýrslu og skoruðu samtökin á ráðuneytið að taka þær tillögur sem fram koma í skýrslunni til skoðunar við undirbúnings frumvarps þess sem hér er til umfjöllunar. SI benda á að í umræddum 5. kafla segir, á bls. 34, að starfshópurinn sem vann frumvarpið hafi kynnt sér skýrslu VSÓ um málsmeðferð við leyfisveitingar og mat á umhverfisáhrifum og tekið mið af tillögum hennar, sér í lagi hvað varðar einfaldaða málsmeðferð og gagna- og samráðsgátt. SI benda á að þrátt fyrir almenna tilvísun í áður nefndum 5. kafla liggur ekki fyrir í frumvarpinu sem skýrum hætti með hvaða hætti tekið var tillit til þeirra ábendinga eða hvaða ákvæði eða kaflar frumvarpsins endurspeglar þær tillögur eða ábendingar sem fram komu í umræddri skýrslu. Í ljósi þessa telja SI mikilvægt að dregið sé fram með skýrum hætti á hvaða hátt tekið var tillit til skýrslunnar og hvaða ákvæði endurspeglar þær áherslur sem fram koma í skýrslunni.

Þá ítreka SI fyrri ábendingu sem komið var á framfæri við umhverfis- og auðlindaráðuneyti, og gera einnig að ábendingu í umsögn þessari, að gert er ráð fyrir að Skipulagsstofnun þrói og reki stafræna gagna- og upplýsingagátt vegna umhverfismats. SI ítreka í því samhengi mikilvægi þess að tekið verði til skoðunar hvort slíkt auki á skilvirkni umfram það að nýta það hagræði sem gæti falist í nýta frekar verkefnið Stafrænt Ísland í þeirri vinnu með það að markmiði að samræma enn frekar ferla, hvort sem það varðar umhverfismat eða aðra stjórnsýsluferla sem framkvæmdir eru til viðbótar við umhverfismat framkvæmd eða áætlaða. Með því að heimfæra verkefnið undir Stafrænt Ísland væri verið að samþætta ólíka stjórnsýsluferla sem óneitanlega felur í sér aukið hagræði, jafnt fyrir stjórnsýslu sem og framkvæmdaaðila.

### **Athugasemd um viðauka**

SI vekja athygli umhverfis- og samgöngunefndar á því sem samtökin telja vera mistök við innleiðingu á regluverki EES-samningsins í íslensk lög. Vísast hér til viðauka við lögin, nánar tiltekið lið 6.01 í 1. viðauka við lögin þar sem taldar eru upp tilteknar efnaverksmiðjur án stærðartakmarkana eða nánari skýringa á umfangi. Svo virðist sem fallið hafi út við innleiðingu á þeim þætti texti í viðeigandi gerð EES-samningsins sem er fyrir framan þá upptalningu sem hér um ræðir og ætlað er að skýra nánar stærð og umfang þeirrar starfsemi sem þar er átt við, þ.e.: „*Integrated chemical installations, i.e. those installations for the manufacture on an industrial scale of substances using chemical conversion processes, in which several units are juxtaposed and are functionally linked to one another and which are:[...]*“.

SI beinir því til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis að taka til nánari skoðunar umræddan tölulið og hvernig staðið var að þeirri innleiðingu og þá hvort sú innleiðing sé í fullu samræmi við viðeigandi gerðir EES-samningsins eða hvort misræmi sé þar á milli þeirra gerða og íslenskra laga. Þá benda SI á að töluliðir 6.02 og 6.03 tengjast 6.01 beint, þegar EES-gerðir eru skoðaðar en sú tenging tapast í framsetningu í fyrirliggjandi frumvarpi.

Að gefnu tilefni er hér til upplýsingar bent á að í leiðbeiningum Evrópusambandsins um mál þetta, og samkvæmt þeim BAT kröfum sem gerðar eru um þá starfsemi, má sjá að



tengingar eru við starfsemi sem fellur undir *Industrial Emissions Directive*, sem hér á landi er innleitt í lög og reglugerðir um starfsleyfi fyrirtækja sem Umhverfisstofnun gefur út.

Að öðru leyti eru ekki gerðar frekari athugasemdir við fyrirbyggjandi frumvarp til laga. Samtökin áskilja sér þó rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og lýsa sig um leið reiðubúin til að funda um efnið sé þess óskað af hálfu nefndarinnar.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Lára M. K. Ólafsson', is written over a horizontal line.

Lára M. K. Ólafsson,  
sérfræðingur á sviði umhverfis- og orkumála